

✉ Re: Ósk eftir umsögn, Laugarás, þéttbýli, endurskoðun deiliskipulags - 2108094

Búið til	11.11.2022 12:49:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.11.2022 12:49:13
Tilheyrir	 202209-0031 - Laugarás, þéttbýli, endurskoðun deiliskipulags - ósk eftir umsögn

Efni

Re: Ósk eftir umsögn, Laugarás, þéttbýli, endurskoðun deiliskipulags - 2108094

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	11.11.2022 12:49:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ellisif@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,
Tilvísun í mál nr. 202209-0031 (SS, RV, OKV).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. þann 29. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn vegna deiliskipulagstillögu fyrir Laugarás, þéttbýli í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi varðandi Laugarás þann 22. desember 2021 sem fjallaði um þær landnotkunarbreytingar sem einnig eru til umfjöllunar í deiliskipulaginu. Í umsögninni kom m.a. fram álit Náttúrufræðistofnunar um að hverasvæðið sem staðsett er inni í þéttbýlinu og er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis við Vaðla, ætti að falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun. Þar með ætti að forðast að raska því nema brýn nauðsyn beri til. Svæðinu hefur verið raskað lítið eitt enda jarðhitinn nýttur á svæðinu. Því er full ástæða til að viðhalda þeim óröskuðu hverum, hveramyndunum og jarðhitavistgerðum sem eru á svæðinu. Á svæðinu vaxa einnig sjaldgæfar plöntur sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar fyrir æðplöntur frá 2018 einkum sérhæfðar jarðhitategundir eins og vatnsögn (*Crassula aquatica*), naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*) og flóajurt (*Persicaria maculosa*) Allar þessar tegundir hafa nýlega verið friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 og skv. 6. grein auglýsingarinnar er bannað að eyðileggja eða skaða þessar plöntutegundir á vaxtarstöðum þeirra.

Þetta álit á enn við og Náttúrufræðistofnun telur að ákveðin áform í deiliskipulaginu taki ekki nægjanlega tillit til verndargildis og viðkvæmni jarðhitasvæðisins og skoða þarf útfærslur á þeim atriðum betur.

Í fyrsta lagi væri æskilegt að jarðhitanyting raski ekki svæðinu þannig að gengið sé á jarðhitaauðlindina með þeim afleiðingum að breytingar verði á jarðhitavirkni á yfirborði. Það getur haft mikil áhrif á jarðhitavistgerðir og búsvæði hinna fágætu jarðhitategunda. Komi til framkvæmda á jarðhitasvæðinu ætti undantekningalaust að leita til Náttúrufræðistofnunar til að tryggja vernd/lágmarka áhrif á hverasvæðið og friðaðar plöntur. Þá er jafnframt æskilegt að jarðhitasvæðið yrði vaktað með reglubundnum hætti. Þá ætti landnýting í nágrenninu sömuleiðis að taka tillit til þeirra fágætu vistgerða og plöntutegunda sem þar finnast. Í því samhengi mætti huga að því að lóðir eða göngustígar þrengi ekki að jarðhitasvæðinu og mýrinni í Lóninu. Eins og skipulagið er í tillögunni eru lóðir 1 og 10 austan Skálholtsveggar stórar og fara mjög nálægt mýrinni og flóðmarkalínu. Til að hlífa mýrinni, gróðri og fuglalífi í henni væri æskilegt að færa eystri lóðamörk fjær mýrinni.

Gert er ráð fyrir göngustíg meðfram Hvítá þvert yfir Lónið. Æskilegt væri að göngustígurinn beini ekki aukinni umferð inn á viðkvæmt jarðhitasvæðið né skerði mögulegt samspil flóðavirkni og jarðhitasvæðisins. Friðaða tegundin vatnsögn þrífst gjarnan þar sem áhrifa flóðvatns og framburðar gætir. Göngustígur ætti jafnframt að hafa sem minnst áhrif á vatnsskipti milli mýrinnar og Hvítár og mögulega mætti lágmarka áhrif hans með því að hafa stíginn byggðan upp á pöllum þar sem mýrin er.

Tilfni er til að benda á að mikilvægt er að takmarka útbreiðslu framandi plöntutegunda sem berast frá nærliggjandi skógrækt eða görðum á jarðhitasvæðið og í mýrina í Lóninu, ekki síst til að vernda vaxtarstaði friðaðra plöntutegunda.

Gert er ráð fyrir að ofanvatn muni fara frá íbúðarsvæði við Brekkugerðisveg niður í mýrlendi, sem er innan hverfisverndarsvæðisins. Mun íbúðabyggð stækka á þessu svæði frá því sem nú er og jafnframt er gert ráð fyrir að framtíðarbyggingarland sé þar norður af. Ýmis mengunarhætta fylgir íbúabyggð og því er afar mikilvægt að tryggja að ekki berist mengunarefni út í votlendið innan hverfisverndarsvæðisins.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er full ástæða til að meta forsendur fyrir frekari verndun jarðhitasvæðisins t.d. friðlýsingu í ljósi þeirra vistgerða og tegunda sem þar finnast, verndargildis þeirra og viðkvæmni fyrir áhrifum af nálægð við byggð og jarðhitanytingu á svæðinu.

Hvað varðar framtíðarbyggingarland norðan Laugaráss er fyrirhuguð íbúabyggð á vel grónu landi sem virðist að hluta vera deiglendi en hefur verið nýtt til sláttar. Benda má á að nýting á vel grónu landi með þykkum jarðvegi, og þar af leiðandi umtalsverðum kolefnisforða, undir íbúabyggð sé e.t.v. ekki skynsamleg landnýting. Í því samhengi mætti skipulag miða að því að hlífa slíku landi eins og framast er unnt.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um atriði er varða hverasvæðið og verndun þess.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

